



## Kvenfélagið Hvöt

(1926)

Kvenfélagið Hvöt á Fellsströnd var stofnað 1. ágúst 1926 og stofnendur voru 8. Í fyrstu stjórn félagsins voru Guðrún Jóhannsdóttir í Stóru-Tungu formaður, Salbjörg Jóhannesdóttir í Skógum ritari og Björg Magnúsdóttir í Túngarði gjaldkeri.

### Skjalaskrár

Engin gögn eru frá kvenfélaginu Hvöt á Héraðsskjalasafni Dalasýslu.

Einstaklingar sem hafa í fórum sínum skjöl, ljósmyndir eða muni tengda félaginu er bent á að hafa samband við héraðsskjalavörð til að koma þeim í örugga vörslu og veita aðgang að þeim.

### Heimildir

Ingibjörg Árnadóttir, Kristín B. Tómasdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir. 1973. Samband Breiðfirzkra kvenna 40 ára. Bls. 32-33 (Agnes E. Pétursdóttir)

Sigríður Thorlacius. 1981. Margar hlýjar hendur. Ágrip af sögu Kvenfélagssambands Íslands, héraðssambanda og félaga, sem það mynda. Útg. Kvenfélagasamband Íslands. Bls. 287.